

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávar afla.

1. gr.

2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skipi sem landar óunnum afla, frágengnum til útflutnings, beint í flutningsfar, er heimilt að draga 12% frá vegnum afla vegna íshlutfalls. Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu verulegt frávik frá 12% íshlutfalli í afla skips skal vigta afla skipsins skv. 1. mgr. og 1. mgr. 11. gr. í næstu 8 vikur. Ef ítrekuð veruleg frávik eru frá 12% íshlutfalli í afla skips skal vigta afla skipsins skv. 1. mgr. og 1. mgr. 11. gr. næstu 16 vikur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. nóvember 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Erna Jónsdóttir.*